

Umsögn Ungra Pírata við þingsályktunartillögu 16/152 um aðgerðir gegn kynferðisbrotum og aukinn stuðning við þolendur þeirra

Ungir Píratar fagna tillögunni og því að Alþingi fjalli um þetta mál, enda kynbundið ofbeldi rótgróið menningarlæggt vandamál sem lengi hefur skort viðeigandi viðbrögð í lagaumhverfinu. Þó að þolendur séu ekki að deila sinni reynslu í fyrsta skiptið hafa slík skilaboð nú snert alla kima samfélagsins. Með krafti samfélagsmiðla geta þolendur nú fyrst greint frá sinni reynslu án þess að þurfa að réttlæta sig fyrir ritstjórn hefðbundinna miðla. Með þessum nýju miðlum geta þolendur deilt reynslu sinni yfir kynslóðamörk, samfélagsstöðu, þjóðerni, eða aðrar skiptingar og dregið styrk frá samstöðu sinni.

Eðlilegt er að þessari byltingu fylgi breytingar á löggjöf og meðferð hins opinbera á viðeigandi málum, aktivistar innan þjóðfélagsumræðunnar hafa barist fyrir ýmsum umbótum á málsmeðferð þolenda kynferðisofbeldis. Fagna Ungir Píratar því sérstaklega að þessi tillaga taki fyrir rannsókn og málsmeðferð slíkra mála, sem og réttarbætur eins og aðild þolenda að eigin máli og rétt á upplýsingum. Leggur félagið sérstaka áherslu á málsmeðferðartíma og þá stöðu að mál fyrnist vegna tafa í rannsókn, sem hlýtur að teljast niðurlægjandi fyrir réttarríki. Þrátt fyrir áherslu á skarpari málsmeðferð benda Ungir Píratar á að stuttur fyrningarfrestur skapar lítið svigrúm fyrir mistök og hreinlega fyrir þolendur að átta sig og hefja formlega málsmeðferð. Ráðleggur félagið að samhliða áherslum í tillögunni verði skoðað að lengja fyrningarfresti kynferðisbrota eða að hefja sérstakan frest þegar mál er tilkynnt. Myndi það einnig auðvelda ferli lögreglu að hún hafi stöðugan frest til að rannsaka mál og auðvelda úrbætur til að koma í veg fyrir fyrningu mála í rannsókn. Mikilvægt er að lögregla fylgi enn fremur faglegum ferlum og sæti óháðri endurskoðun og ábyrgð á vinnu sinni í samræmi við nútímalega verkferla.

Kynferðisbrot eru í eðli sínu áföll, þar sem gerandi vanvirðir yfirráð þolanda á eigin persónu, og mikilvægt er að kerfið taki tillit til þess áfalls. Sérstaklega í ljósi valdamismuns lögreglu og almenns borgara getur reynst þolendum sérstaklega erfitt að upplifa hundsun eða óréttlæti af hennar hálfu. Mikilvægt er að þolendur hafi aðgang að faglegri sálfræðiaðstoð, og benda Ungir Píratar á að niðurgreiðslur fyrir slíka þjónustu geta verið lykilatriði í að tryggja aðgengi. Einnig er mikilvægt að lögregla styðjist við aðstoð sérfræðinga í samskiptum við þolendur.

Greina má ákveðið vantraust á réttarkerfinu meðal þolenda í þjóðfélagsumræðunni og trúa Ungir Píratar þolendum sem upplifa kerfið ekki traustsins vert. Sýnilegar úrbætur í málsmeðferð eru nauðsynlegur þáttur til að vinna aftur það traust og benda Ungir Píratar á að þar geta hlutir eins og hugtök í löggjöf skipt máli. Í því samhengi má sérstaklega nefna blygðunarsemisbrot, en óheppilegt er að tala um blygðunarsemi samtímis því að þolendur tala um að skila skömminni. Einnig benda Ungir Píratar á hlutverk meiðyrðalaga í þessu samhengi, en ítrekað hefur þolendum verið ógnað með meiðyrðamálum. Ólíkt mörgum öðrum löndum krefjast íslensk meiðyrðalög ekki að ákærandi sanni að sá ákærði hafi farið með rangt mál, og getur slíkt haft afar kælandi áhrif á málfrelsi, sérstaklega í tilfellum þar sem erfitt er að færa endanlegar sönnur fyrir máli, eins og oft er í máli þolanda kynferðisofbeldis. Upphæðirnar sem eru nefndar í slíkum málum geta hæglega ógnað lífsviðurværi þolandans og óásættanleg aðför að málfrelsi þolanda að gerandi geti hótað á trúverðugan hátt að beita réttarkerfinu til að refsa þolanda fyrir það eitt að greina frá sannri upplifun sinni.

Benda Ungir Píratar að lokum á þann gífurlega fjölda áreitandi skilaboða og mynda sem þátttakendur á samfélagsmiðlum, sérstaklega konur, berast, og sérstaklega á skort á sakfellingum fyrir slík brot. Gerendur í slíkum málum eru oft undir nafni og er áreitið skjalfest. Þrátt fyrir þetta greina þolendur frá því í opinberri umræðu frá því að erfitt geti verið að fá réttlæti í sínum málum. Slík mál þar sem skýrar sannanir eru eðli málsins samkvæmt ávallt til staðar geta verið prófsteinn á viðbrögð réttarkerfisins, og er kerfið að falla á því prófi. Ungir Píratar fagna enn á ný góðu skrefi í átt að upprætingu ofbeldismenningar og benda á þörf á áframhaldandi úrbættum á þennan veg.

Fyrir hönd Ungra Pírata,

Hrefna Árnadóttir, Forseti